Nr. 3.
15.
febrúar.

Auglýsing

um

breyting á 7. gr. 3 og 9. gr. 2 í reglugjörð fyrir prestaskóla Íslands frá 15. ágúst 1895.

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðsins hefur Hans Hátign konunginum allramildilegast þóknast að staðfesta í dag eftirfylgjandi breytingar á reglugjörð fyrir prestaskóla Íslands frá 15. ágúst 1895:

1. Í stað 7. gr. 3. liðs reglugjörðarinnar komi:

3. Skýring nýja testamentisins. Hún skal vera fólgin í því, að vandlega sje farið yfir annan helming rita nýja testamentisins í íslenzkri þýðingu, einkum þessi rit: Mattæusar, Lúkasar og Jóhannesar guðspjöll, hin fjögur höfuðbrjef Páls ásamt brjefunum til Filippímanna, fyrra brjefinu til Tímóteusar og Títusarbrjefinu — en hinn helmingurinn sje hraðlesinn, þannig að höfuðáherzlan sje lögð á, að lærisveinarnir læri að gjöra grein fyrir aðalefni hvers rits, guðfræðilegum hugmyndum, sem einkenna það sjerstaklega, og guðfræðilegri stefnu höfundar þess, sem í hlut á. Auk þess skal kenna inngangsfræði nýja testamentisins.

2. Í stað 9. gr. 2. liðs reglugjörðarinnar komi:

2. Í skýring nýja testamentisins skal prófið vera bæði skriflegt og munnlegt. Skriflega prófið skal vera fólgið í því, að þeir, sem prófast, semji vísindalega ritgjörð yfir tiltekinn kafla úr einhverju hinna vandlesnu rita nýja testamentisins. En munnlega prófið skal vera fólgið í því, að sá, sem prófaður er, er 1) vandlega spurður út úr tilteknum kafla úr einhverju hinna vandlesnu rita, síðan 2) lauslega spurður út úr tilteknum kafla í einhverju hinna hraðlesnu rita, eða látinn gjöra grein fyrir aðalefni þess, sjerkennilegum guðfræðilegum hugmyndum, sem þar koma fyrir, og guðfræðilegri stefnu hlutaðeigandi höfundar, og loks 3) skal hann spurður út úr inngangsfræði nýja testamentisins.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 15. febrúar 1911.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.

Bekendtgørelse

Nr. 3.
15.
Februar.

angaaende

Forandring af § 7, 3° og § 9, 2° i Regulativ for Islands Pastoralseminarium af 15. August 1895.

Paa Ministeriets derom nedlagte allerunderdanigste Forestilling har det behaget Hans Majestæt Kongen under Dags Dato allernaadigst at stadfæste følgende Forandringer af Regulativ for Islands Pastoralseminarium af 15. August 1895:

1. I Stedet for Regulativets § 7, 3° kommer saalydende Bestemmelse:

3. Det ny Testamentes Eksegese, der skal bestaa i en omhyggelig Gennemlæsning af den ene Halvdel af det ny Testamente i islandsk Oversættelse, særlig følgende Skrifter: Matthæus', Lukas' og Johannes' Evangelier, Pauli fire Hovedbreve samt Brevet til Philipperne, det første Brev til Timoteus og Brevet til Titus, — samt en kursorisk Gennemgang af den anden Halvdel, hvorved Hovedvægten lægges paa, at de Studerende lære at kunne gøre Rede for Hovedindholdet af hvert Skrift, de teologiske Begreber, der særlig karakteriserer samme, samt at kunne gøre Rede for vedkommende Forfatters teologiske Retning. Endelig foredrages en Indledning til det ny Testamente.

2. I Stedet for Regulativets § 9, 2° kommer følgende Bestemmelse:

2. I det ny Testamentes Eksegese afholdes saavel skriftlig som mundtlig Prøve. Den skriftlige Prøve bestaar i, at Eksaminanderne udarbejde en videnskabelig Forklaring af et opgivet Stykke af de omhyggelig læste Skrifter i det ny Testamente, og den mundtlige i, at Eksaminanden 1) grundig eksamineres i et opgivet Stykke af de omhyggelig læste Skrifter og derefter 2) eksamineres løselig i et opgivet Stykke i et af de kursorisk læste Skrifter, eller gør Rede for Skriftets Hovedindhold, de for samme karakteristiske teologiske Begreber og vedkommende Forfatters teologiske Retning, samt endelig 3) eksamineres i en Indledning til det ny Testamente.

Hvilket herved bekendtgøres til Efterretning for alle vedkommende.

Islands Ministerium, den 15. Februar 1911.

Björn Jonsson.

Eggert Briem.